Nr. 919 26. október 2006

# REGLUGERÐ

**um (11.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.**

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/90/EB, nr. 2003/91/EB og 2005/ 91/EB, sem teknar voru inn í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2006 frá 22. september 2006.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 301/1995, sem sett var með 2. gr. reglugerðar nr. 784/2003 um (5.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru, fellur brott. Eftirfarandi ákvæði bætist við 3. gr. reglugerðar nr. 301/1995:

Opinber skoðun sem framkvæmd er af Landbúnaðarstofnun vegna viðurkenningar á yrkjum vegna, annars vegar nytjaplantna í landbúnaði og hins vegar grænmetistegunda, og skráningar þessara yrkja á opinberan sáðvörulista skal fullnægja þeim kröfum sem getið er um í (A), (B) og (C) lið hér að neðan.

(A) Þau yrki sem eru í 9. viðauka A skulu uppfylla skilyrðin sem stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO) mælir fyrir um í „Bókun um prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika“ og tilgreind eru í þeim viðauka,

(B) Þau yrki sem eru í 9. viðauka B skulu fullnægja viðmiðunarreglunum sem Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja (UPVO) samdi um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og tilgreindar eru í þeim viðauka.

(C) Að því er varðar ræktunar- og notagildi skulu yrki nytjaplantna í landbúnaði í viðaukum A og B uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Afrakstur.
2. Þol gegn skaðlegum lífverum.
3. Virkni með tilliti til þátta í náttúrulegu umhverfi.
4. Gæðaeiginleikar.

Þegar niðurstöður eru lagðar fram skal tilgreina hvaða aðferðir eru notaðar.

Kanna skal alla eiginleika yrkja í 9. viðauka A og alla eiginleika sem eru merktir með stjörnu (*) í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 9. viðauka B, svo framarlega sem athugun á eiginleikum er ekki óframkvæmanleg sökum þess að aðrir eiginleikar koma fram og svo framarlega sem umhverfisaðstæður við prófun koma ekki í veg fyrir að eiginleikar komi fram.

Landbúnaðarstofnun skal sjá til þess, að því er varðar tegundir sem eru skráðar í 9. viðauka A og B, að lágmarkskröfum við framkvæmd athugana, að því er lýtur að útfærslu prófunar og vaxtarskilyrðum, sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglunum sem um getur í þeim viðaukum, sé fullnægt meðan á þeim stendur.

3. gr.

Við reglugerð nr. 301/1995 bætist 9. viðauki svohljóðandi:

9. VIÐAUKI
**Skrár yfir yrki sem uppfylla evrópskar og alþjóðlegar viðmiðunarreglur.**

**A. CPVO**
*Nytjaplöntur í landbúnaði.*

Skrá yfir tegundir sem skulu fullnægja viðmiðunarreglum skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu.

| Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá | Bókun skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu |
|---|---|
| Gráertur | Ertur, TP 7/1 frá 6.11.2003 |
| Fóðurrepja | Olíurepja, TP 36/1 frá 25.3.2004 |
| Sólfífill | Sólfífill, TP 81/1 frá 31.10.2002 |
| Hafrar | Hafrar, TP 20/1 frá 6.11.2003 |
| Bygg | Bygg, TP 19/2 frá 6.11.2003 |
| Hrísgrjón | Hrísgrjón, TP 16/1 frá 18.11.2004 |
| Rúgur | Rúgur, TP 58/1 frá 31.10.2002 |
| Rúghveiti | Rúghveiti, TP 121/1 frá 6.11.2003 |
| Hveiti | Hveiti, TP 3/3 frá 6.11.2003 |
| Harðhveiti | Harðhveiti, TP120/2 frá 6.11.2003 |
| Maís | Maís, TP 2/2 frá 15.11.2001 |
| Kartöflur | Kartöflur, TP 23/1 frá 27.3.2002 |

Þessar bókanir eru fyrirliggjandi á vefsíðu skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (www.cpvo.eu.int).

*Grænmeti.*

Skrá yfir tegundir sem skulu fullnægja viðmiðunarreglum skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu.

| Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá | Bókun skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu |
|---|---|
| Blaðlaukur | Bókun TP/85/1 frá 15.11.2001 |
| Spergill | Bókun TP/130/1 frá 27.3.2002 |
| Blómkál | Bókun TP/45/1 frá 15.11.2001 |
| Spergilkál | Bókun TP/151/1 frá 27.3.2002 |
| Rósakál | Bókun TP/54/1 frá 27.3.2002 |
| Blöðrukál | Bókun TP/48/1 frá 15.11.2001 |
| Hvítkál | Bókun TP/48/1 frá 15.11.2001 |
| Rauðkál | Bókun TP/48/1 frá 15.11.2001 |
| Paprika/spænskur pipar | Bókun TP/76/1 frá 27.3.2002 |
| Vetrarsalat | Bókun TP/118/1 frá 27.3.2002 |
| Melónur | Bókun TP/104/1 frá 27.3.2002 |
| Gúrka/smágúrka | Bókun TP/61/1 frá 27.3.2002 |
| Gulrætur | Bókun TP/49/6 frá 27.3.2002 |

| Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá | Bókun skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu |
|---|---|
| Salat | Bókun TP/13/1 frá 15.11.2001 |
| Tómatar | Bókun TP/44/2 frá 15.11.2001 |
| Garðbaunir | Bókun TP/12/1 frá 15.11.2001 |
| Hreðkur | Bókun TP/64/6 frá 27.3.2002 |
| Spínat | Bókun TP/55/6 frá 27.3.2002 |
| Vorsalat/lambasalat | Bókun TP/75/6 frá 27.3.2002 |

Þessar bókanir eru fyrirliggjandi á vefsíðu skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (www.cpvo.eu.int).

**B. UPOV**
*Nytjaplöntur í landbúnaði.*

Skrá yfir tegundir sem skulu fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja.

| Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá | Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja |
|---|---|
| Fóðursykurrófa | Fóðursykurrófa, viðmiðunarregla TG/150/3 frá 4.11.1994 |
| Týtulíngresi | Língresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 2.10.1990 |
| Stórlíngresi | Língresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 2.10.1990 |
| Skriðlíngresi | Língresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 12.10.1990 |
| Hálíngresi | Língresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 12.10.1990 |
| Sólfax | Sólfax, viðmiðunarregla TG/180/3 frá 4.4.2001 |
| Sitkafax | Sitkafax, viðmiðunarregla TG/180/3 frá 4.4.2001 |
| Axhnoðapuntur | Axhnoðapuntur, viðmiðunarregla TG/31/8 frá 17.4.2002 |
| Tágavingull | Tágavingull, viðmiðunarregla TG/39/8 frá 17.4.2002 |
| Sauðvingull | Sauðvingull, viðmiðunarregla TG/67/4 frá 12.11.1980 |
| Hávingull | Hávingull, viðmiðunarregla TG/39/8 frá 17.4.2002 |
| Túnvingull | Túnvingull, viðmiðunarregla TG/67/4 frá 12.11.1980 |
| Ítalskt rýgresi | Rýgresi, viðmiðunarregla TG/4/7 frá 12.10.1990 |
| Fjölært rýgresi | Rýgresi, viðmiðunarregla TG/4/7 frá 12.10.1990 |
| Rýgresisblendingur | Rýgresi, viðmiðunarregla TG/4/7 frá 12.10.1990 |
| Vallarfoxgras | Vallarfoxgras, viðmiðunarregla TG/34/6 frá 7.11.1984 |
| Vallarsveifgras | Vallarsveifgras, viðmiðunarregla TG/33/6 frá 12.10.1990 |
| Hvít lúpína | Hvít lúpína, viðmiðunarregla TG/66/4 frá 31.3.2004 |
| Lensulúpína | Lensulúpína, viðmiðunarregla TG/66/4 frá 31.3.2004 |
| Gul lúpína | Gul lúpína, viðmiðunarregla TG/66/4 frá 31.3.2004 |
| Refasmári | Refasmári, viðmiðunarregla TG/6/5 frá 6.4.2005 |
| Rauðsmári | Rauðsmári, viðmiðunarregla TG/5/7 frá 4.4.2001 |

| **Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá** | **Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja** |
|---|---|
| Hvítsmári | Hvítsmári, viðmiðunarregla TG/38/7 frá 9.4.2003 |
| Hestabaunir | Hestabaunir, viðmiðunarregla TG/8/6 frá 17.4.2002 |
| Fóðurflækja | Fóðurflækja, viðmiðunarregla TG/32/6 frá 21.10.1988 |
| Gulrófur | Gulrófur, viðmiðunarregla TG/89/6 frá 4.4.2001 |
| Fóðurhreðkur | Fóðurhreðkur, viðmiðunarregla TG/178/3 frá 4.4.2001 |
| Jarðhnetur | Jarðhnetur, viðmiðunarregla TG/93/3 frá 13.11.1985 |
| Akurfrækál | Akurfrækál, viðmiðunarregla TG/185/3 frá 17.4.2002 |
| Litunarþistill | Litunarþistill, viðmiðunarregla TG/134/3 frá 12.10.1990 |
| Baðmull | Baðmull, viðmiðunarregla TG/88/6 frá 4.4.2001 |
| Hör/hörfræ | Hör/hörfræ, viðmiðunarregla TG/57/6 frá 20.10.1995 |
| Ópíumvalmúi | Ópíumvalmúi, viðmiðunarregla TG/166/3 frá 24.3.1999 |
| Hvítur mustarður | Hvítur mustarður, viðmiðunarregla TG/179/3 frá 4.4.2001 |
| Sojabaunir | Sojabaunir, viðmiðunarregla TG/80/6 frá 1.4.1998 |
| Dúrra | Dúrra, viðmiðunarregla TG/122/3 frá 6.10.1989 |

Þessar viðmiðunarreglur eru fyrirliggjandi á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).

*Grænmeti.*

Skrá yfir tegundir sem skulu fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja.

| **Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá** | **Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja** |
|---|---|
| Graslaukur/pípulaukur | Viðmiðunarregla TG/161/3 frá 1.4.1998 |
| Hvítlaukur | Viðmiðunarregla TG/162/4 frá 4.4.2001 |
| Sellerí | Viðmiðunarregla TG/82/4 frá 17.4.2002 |
| Blaðbeðja/strandblaðka | Viðmiðunarregla TG/106/3 frá 7.10.1987 |
| Rauðrófur | Viðmiðunarregla TG/60/6 frá 18.10.1996 |
| Grænkál | Viðmiðunarregla TG/90/6 frá 17.4.2002 |
| Hnúðkál | Viðmiðunarregla TG/65/4 frá 17.4.2002 |
| Kínakál | Viðmiðunarregla TG/105/4 frá 9.4.2003 |
| Næpur | Viðmiðunarregla TG/37/10 frá 4.4.2001 |
| Jólasalat | Viðmiðunarregla TG/173/3 frá 5.4.2000 |
| Ítalskur kaffifífill | Viðmiðunarregla TG/154/3 frá 18.10.1996 |
| Iðnaðarsíkoría | Viðmiðunarregla TG/172/3 frá 4.4.2001 |
| Vatnsmelónur | Viðmiðunarregla TG/142/3 frá 26.10.1993 |
| Tröllakúrbítur/tröllagrasker | Viðmiðunarregla TG/155/3 frá 18.10.1996 |

| **Tegundir sem eru tilgreindar í sameiginlegri skrá** | **Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja** |
|---|---|
| Grasker/merja | Viðmiðunarregla TG/119/4 frá 17.4.2002 |
| Ætiþistill | Viðmiðunarregla TG/184/3 frá 4.4.2001 |
| Fennika | Viðmiðunarregla TG/183/3 frá 4.4.2001 |
| Steinselja | Viðmiðunarregla TG/136/4 frá 18.10.1991 |
| Blómbaunir | Viðmiðunarregla TG/9/5 frá 9.4.2003 |
| Ertur | Viðmiðunarregla TG/7/9 frá 4.11.1994 (og leiðrétting 18.10.1996) |
| Rabarbari | Viðmiðunarregla TG/62/6 frá 24.3.1999 |
| Surtarrót | Viðmiðunarregla TG/116/3 frá 21.10.1988 |
| Eggaldin | Viðmiðunarregla TG/117/4 frá 17.4.2002 |
| Breiðbaunir | Viðmiðunarregla TG/206/1 frá 9.4.2003 |

Þessar viðmiðunarreglur eru fyrirliggjandi á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. október 2006.*

F. h. r.
**Níels Árni Lund.**

*Baldur P. Erlingsson.*